

## Kaup Wise lausna ehf. á Þekkingu – Tristan hf.

1. Með bréfi, dags. 11. ágúst 2023, var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt um fyrirhuguð kaup Wise lausna ehf. (hér eftir „Wise“) á Þekkingu – Tristan hf. (hér eftir „Þekking“) með samrunaskrá í samræmi við 5. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga nr. 44/2005. Að mati Samkeppniseftirlitsins felur framangreindur gerningur í sér samruna sem er tilkynningarskyldur í skilningi 17. gr. a samkeppnislaga. Með bréfi, dags. 21. ágúst 2023, var samrunaaðilum tilkynnt að samrunaskrá teldist fullnægjandi í skilningi samkeppnislaga og byrjuðu frestir til að rannsaka samrunann að líða þann 14. ágúst 2023.
2. Við meðferð málsins leit Samkeppniseftirlitið til upplýsinga í samrunaskrá, þeirra gagna sem með fylgdu og annarra aðgengilegra upplýsinga um viðkomandi starfsemi og samkeppnismarkaði. Verður vísað til þessara upplýsinga í ákvörðuninni eftir því sem ástæða þykir til.
3. Í samrunaskrá kemur eftirfarandi fram varðandi starfsemi samrunaaðila:
  - a) Wise sé þjónustufyrirtæki á sviði upplýsingatækni. Fyrirtækið sérhæfi sig í hugbúnaðarlausnum á sviði viðskipta en fyrirtækið endurselji og þjónusti hugbúnaðarlausnir frá ýmsum birgjum, aðallega Microsoft. Þá þrói Wise, selur og þjónustar sinn eigin viðskiptahugbúnað. Sögulega hafi starfsemi Wise snúist um ERP kerfið Microsoft Dynamics Business Central en forveri Dynamics BC var kerfið Navison. Frá árinu 2019 hafi verið unnið að því að breikka vöruframboð fyrirtækisins og sé stór hluti starfseminnar nú ekki beinlínis tengdur fjárhagskerfum. Meðal þess sem fyrirtækið hafi bætt við sig í lausna- og þjónustuframboði sé:
    - Verslunarlausnir, Centara sem er þróað af Wise og LS Retail lausnir.
    - Microsoft sölukerfi (CRM) og þjónustulausnir (Sales, Service og Field Service).
    - Microsoft 365 (áður MS Office) og skjalastjórnun með uppbyggingu á Microsoft SharePoint þekkingu og með kaupum á CoreData (sem byggir á Amazone Web Services).
    - Veflausnir, vefbúðir (e-commerce), veskislausnir (Apple Wallet) og fleira með uppbyggingu á vefteymi.
    - Greiningar og skýrslur með uppbyggingu á BI teymi.
  - b) Þekking starfi einnig á upplýsingatæknimarkaði. Félagið sérhæfi sig í ráðgjöf, rekstri og hýsingu á tölvukerfum fyrirtækja, þ.m.t. í rekstrar- og öryggisþjónustu. Þekking sérhæfir sig í hýsingu tölvukerfa, rekstri og þjónustu upplýsingakerfa auk þess að sinna ráðgjöf og öryggisþjónustu á víðum grunni.



4. Eðli samrunans séu með þeim hætti að sögn samrunaaðila að Wise kaupi 100% eignarhlut í Þekkingu. Eftir kaupin muni Þekking því verða dótturfélag Wise en í framhaldinu sé gert ráð fyrir félagaréttarlegum samruna félaganna og starfsemi þeirra verði samþætt í einu fyrirtæki.
5. Í samrunaskrá segir að þrátt fyrir að samrunaaðilar starfi báðir á upplýsingatæknimarkaði sé sérhæfing þeirra ólík. Starfsemi Wise felist í endursölu hugbúnaðarlausna og þróun eigin viðskiptahugbúnaðar en starfsemi Þekkingar felist í hýsingu upplýsingakerfa og almennri rekstrar- og notendabjónustu. Starfsemi samrunaaðila skarist þ.a.l. ekki og er skörun viðskiptavina lítil. Því sé ekki um samþjöppun á markað að ræða né sköpun útilokunaráhrifa.
6. Innan upplýsingatæknimarkaðarins skarist þjónusta samrunaaðila ekki. Að mati samrunaaðila megi greina upplýsingatæknimarkað í nokkra aðskilda markaði, þar sem m.a. má greina á milli: 1) markaðar fyrir viðskiptakerfi (ERP) ásamt tengdum veflausnum, sérlausnum og ráðgjöf, 2) markaðar fyrir rekstrarþjónustu (MSP), öryggismál og rekstur gagnavera og 3) markaðar fyrir aðra upplýsingatæknitengda þjónustu (að mestu leyti sértæk hugbúnaðargerð, t.d. heilbrigðistengd, flugumferðatengd, tölvuleikjatengd o.fl.). Wise starfi að mati samrunaaðila á fyrsta markaðinum, þ.e. markaði fyrir viðskiptakerfi ásamt tengdum veflausnum, sérlausnum og ráðgjöf en Þekking starfar á öðrum markaðinum, þ.e. markaði fyrir rekstrarþjónustu, öryggismál og rekstur gagnavera.
7. Samkeppniseftirlitið hefur í fyrri ákvörðunum sínum talið mögulegt og haldið því opnu að hægt sé að skilgreina margvíslega undirmarkaði upplýsingatæknimarkaðar.<sup>1</sup> Samkeppniseftirlitið telur ekki tilefni til þess að skilgreina formlega þá undirmarkaði sem samrunaaðilar telja sig starfa á eða taka afstöðu til landfræðilegs markaðar í þessu máli þar sem það hefur ekki áhrif á niðurstöðu samrunamálsins. Auk þess hefur Samkeppniseftirlitið leitað álits keppinauta samrunaaðila sem gerðu m.a. ekki athugasemdir við skilgreiningu samrunaaðila á mörkuðum málsins.
8. Samrunaaðilar telja neikvæð samkeppnisleg áhrif samrunans ekki fyrir hendi heldur muni samruninn þvert á móti hafa jákvæð áhrif á samkeppni. Samrunaaðilar benda á að á markaði fyrir viðskiptakerfi ásamt tengdum veflausnum, sérlausnum og ráðgjöf sé sameiginleg markaðshlutdeild samrunaaðila slík að hún er langt frá því að geta talist fela í sér markaðsráðandi stöðu. Það sama eigi við á markaði fyrir rekstrarþjónustu og öryggismál. Að mati samrunaaðila sé samruninn til þess fallinn að efla virka samkeppni þar sem stærstu aðilunum á viðkomandi samkeppnismörkuðum verði í kjölfarið veitt öflugra samkeppnislegra aðhald en fyrir samrunann.
9. Þeir markaðir sem samruninn hefur áhrif á er fyrst og fremst upplýsingatæknimarkaður með hugsanlegri aðgreiningu og frekari skilgreiningu í markaði fyrir viðskiptakerfi ásamt tengdum veflausnum, sérlausnum og ráðgjöf og markaði fyrir rekstrarþjónustu, öryggismál og rekstur gagnavera. Telur annar samrunaaðila mögulegt að skilgreina sérstakan markað fyrir rekstur gagnavera.
10. Samanlögð markaðshlutdeild samrunaaðila á þeim mörkuðum og sú samþjöppun sem af samrunanum leiðir samkvæmt fyrirlliggjandi gögnum gefur að mati Samkeppniseftirlitsins ekki tilefni að telja að samrunaaðilar búi yfir markaðsráðandi stöðu eða hún falli þeim í skaut í kjölfar samrunans. Á þeim undirmörkuðum sem samrunaaðilar starfi á séu nú þegar margir aðrir aðilar

<sup>1</sup> Sjá t.d. ákvarðanir Samkeppniseftirlitsins [nr. 14/2012](#), *Undanþágubeiðni vegna starfsemi Reiknistofu bankanna hf.*, ákvörðun [nr. 31/2015](#), *samruni Advania hf. og Tölvumiðlunar ehf.*, ákvörðun [nr. 3/2019](#), *Greining á markaði fyrir fjárhagskerfi*, ákvörðun [nr. 23/2019](#), *samruni Advania Holding hf. og Wise Lausna ehf.*, og ákvörðun nr. [14/2023](#), *kaup Topicus.com BV á Five Degrees Holding BV*.



starfandi sem hafi umtalsverða hlutdeild samkvæmt veittum gögnum frá samrunaaðilum.<sup>2</sup> Fyrir utan takmörkuð framangreind lárétt áhrif samrunans gefa gögn málsins ekki til kynna möguleg skaðleg áhrif samrunans, þ.e. lóðrétt áhrif eða samsteypuáhrif, sem krefjist frekari rannsóknar.

11. Það er því niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að ekkert í fyrirliggjandi upplýsingum eða gögnum málsins bendi til þess að samruninn myndi eða styrki markaðsráðandi stöðu, eða hann raski samkeppni að öðru leyti með umtalsverðum hætti. Af þeim sökum telur Samkeppniseftirlitið ekki ástæðu til þess að aðhafast vegna samrunans og lýkur því meðferð málsins á fyrsta fasa.

## I. Ákvörðunarorð

**„Kaup Wise lausna ehf. á Þekkingu – Tristan hf. fela í sér samruna í skilningi samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki forsendur til þess að hafast frekar að í máli þessu.“**

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson

---

<sup>2</sup> Sjá t.d. ákvörðun. [nr. 23/2019, samruni Advania holding hf. og Wise Lausna ehf.](#) Í málinu benti frummat Samkeppniseftirlitsins til þess að eftir samrunann hefði hið sameinað fyrirtæki verið með um og yfir helmingshlutdeild á markaði fyrir þróun, sölu og þjónustu við fjárhagskerfi á Íslandi og samrunaaðilar væru nánir keppinautar. Advania dróg í kjölfar frumratsins samrunatilkynninguna til baka. Í ákvörðun þessari starfa bæði Wise og Þekking á upplýsingatæknimarkaði, en starfsemi þeirra nær til mismunandi sviða innan þess markaðs. Wise sérhæfir sig í hugbúnaðarlausnum á sviði viðskipta og Þekking sérhæfir sig í ráðgjöf, rekstri og hýsingu á tölvukerfum fyrirtækja. Einnig má benda á að hlutdeild samrunaaðila á mörkuðum málsins er ekki veruleg og sterkir keppinautar, t.a.m. Advania og Origo, starfa einnig á þeim sviðum sem samruninn nær til.